

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2014

054-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 782/2013 frá 14. ágúst 2013 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/641/ESB frá 7. nóvember 2013 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir vatnssalerni og þvagskálar ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 66/2010):

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0782**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 782/2013 frá 14. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 219, 15.8.2013, bls. 26).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2zi (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/250/ESB):

„2zj. **32013 D 0641**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/641/ESB frá 7. nóvember 2013 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir vatnssalerni og þvagskálar (Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 782/2013 og ákvörðunar 2013/641/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 219, 15.8.2013, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 9.11.2013, bls. 38.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.